HAFNARFJÖRÐUR

# Minnisblað - 1. desember 2015

## Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Lagt er til að bærinn fjármagni sig að hluta til eða að fjárhæð 3.000.000.000 kr. með nýjum lánum frá Lánasjóði sveitarfélaga í stað þess að draga á lánasamning við Íslandsbanka. Kjörin eru hagstæðari en kjör lánasamnings við Íslandsbanka eða 3- 3,3%.

Annars vegar er um að ræða verðtryggt lán að fjárhæð 2.000.000.000 kr. til 15 ára. Vextir eru 3,3% en eru breytilegir og lánið er uppgreiðanlegt á vaxtagjalddögum. Hins vegar er verðtryggt lán að fjárhæð 1.000.000.000 til 20 ára. Vextir eru 3% og lánið er óuppgreiðanlegt

Hafnarfirði 1. desember 2015

Rósa Steingrímsdóttir
Sviðsstjóri fjármálasviðs